

11. DES. 2020

Mosfellsbær  
Skipulagsfulltrúi  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

Reykjavík 7. desember 2020  
MÍ202008-0025/ 6.09 / G.G.G.

### Efni: Varmárbakkar Skiphóll Mosfessbæ - fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Við er til bréfs Minjastofnunar Íslands til Landslags ehf frá 7.9.2020 vegna breytingar á deiliskipulagi hestaþróttasvæðis á Varmárbökkum. Þar kom fram að innan svæðisins er Skiphóll sem er friðaður sem fornleifar skv. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Farið var fram á að Skiphóll yrði mældur upp svo hægt væri að staðfesta ytri mörk hans. Það hefur nú verið gert og einnig gerðir könnunarskurðir á svæðinu. Minjastofnun Íslands hefur borist skýrslan: *Skiphóll og Varmárbakkar. Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsbreytingar*, unnin af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu K. Tetzschner hjá Antikva útgefin árið 2020.

Þekktar fornleifar eru á ofangreindum skipulagsreit en einungis ein er sýnileg, áður nefndur Skiphóll og um hann segir:

„Fornleifarannsókn hefur leitt í ljós að Skiphóll er manngerður og með nokkrum líkindum má telja að hann hafið verið gerður skömmu eftir landnám. Hann hefur því mikið minjagildi, enda friðaður, en einnig þarf að gæta sérstaklega að svæðinu vestan við hann þar gætu minjar leynst í jörðu. Á þessu svæði gætu leynst mikilvægar minjar um umsvifin við höfnina.“

Eins og kemur fram í bréfi Minjastofnunar frá 7.9.2020 getur Minjastofnun fallist á að vegur verði færður norður fyrir Skiphól. Minnt er á að umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra helgunarsvæði og skulu vegurinn liggja utan þeirra marka. Þar sem ekki er talið útilokað að mannvistarleifar sé að finna á svæði vestan við hólinni gerir Minjastofnun kröfu um að við framkvæmdir við Skiphól og nágrenni hans skuli vera fornleifaeftirlit og skal fornleifafræðingur fylgjast með framkvæmdum. Samkvæmt 28. grein laga um menningarminjar skal framkvæmdaaðili greiða kostnað vegna rannsókna sem Minjastofnun ákveður að skuli fara fram.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

**Guðný Gerður  
Gunnarsdóttir**

Minjavörður Reykjavíkur og  
nággr.  
[gudneygerdur@minjastofnun.is](mailto:gudneygerdur@minjastofnun.is)